

5. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2011

Um greiðslufyrirkomulag til félagsmanna FG vegna vettvangsnáms

Í kjölfar breytinga sem orðið hafa á greiðslufyrirkomulagi til félagsmanna FG-vegna vettvangsnáms, beinir 5. aðalfundur Félags grunnskólakennara 17.-18. maí 2011 því til stjórnar og samninganefndar félagsins að það knýi á um viðræður við menntastofnanir um endurskoðun á því.

Greinargerð

Áður fyrr fengu kennarar greitt milliliðalaust fyrir að taka að sér kennaranema í vettvangsnámi, sama á við um náms- og starfsráðgjafa. Breytingar voru gerðar á þessu fyrirkomulagi án umræðu eða vitundar kennara. Með nýju kerfi fá viðtökuskólar greiðslur og hafa sjálfvald um hvort og hvað félagsmönnum FG ber að fá fyrir vinnu sína.